

5. Blaðaummæli um gjöf Jóns Pálssonar
og konu hans Önnu Adolfsdóttur til
drykkjumannahælis.

- a) Fálkinn, 2. júní 1939
- b) Alþýðublaðið, 27. maí 1939
- c) Morgunblaðið, 27. maí 1939

GJAFIR.

Ánægjulegt er það, þegar einhverjir landsmenn eru svo fjáðir, vitrir og góðgjarnir, að geta látið fje af hendi rakna til heilla alþjóðar. Og sífellt eru einhverjir að gefa, en aðrir að þiggja.

Vöggugjafir náttúrunnar eru margvislegar. Einum rjettir móðir náttúra góðvild og fórnfýsi, öðrum listgáfu og speki, sumum hyggindi, sem í hag koma, forsjálni, frami, kvæmdaprek, hugrekki, hjartagæsku, umburðarlyndi og elskusemi.

Mætti svo lengi telja.


Misjafnlega er með vöggugjafir þessar farið. Ýmsir gæta þeirra vel, og margir nota þær eins og ber, en öðrir hafa ekki aðstæður til þess.

Yfirleitt eru mennirnir fjelagslyndir. Eins og kunnugt er lifa þeir ýmist einlifi eða samlifi.

Menn kannast við forna sannleikann, það er ekki gott, að maðurinn sje einsamall, og menn hafa fest sjer konur og gera það enn, sumir til viku, mánaðar, missiris eða árs, sem örlögin ákveða, að einstaklingurinn lifi á jörðinni.



Anna Sigríður Adólfssdóttir



Jón Pálsson

Hjón þau, sem hjer verða nefnd, kusu í upphafi eldra síðinn. En þau eru, frú Anna Sigríður Adólfssdóttir og Jón Pálsson, fyrverandi fjehirðir Landsbankans. Hafa þau verið saman í hjónabandi síðan 1905. Öll þau ár hefir húsfreyjan verið ljósgjafi heimilis síns, unnið innan húss, fórnað og geislað frá sjer ástúð og elskusemi.

Ísfaðirinn hefir verið listelskur, hagnýnn atorkumaður, fjölbæfur, ráðhollur og hjartagóður. Þetta litla ríki í ríkinu, heimili þeirra, hlaut að verða blómlegt, sjálfstætt og aðlaðandi, enda varð svo í reynd. Vegna góðra gáfna og mikilla mannkosta hefir Jón Pálsson gegnt fjölbreytilegum trúnaðarstörfum í þjóðfjelagi voru. Kemur hann á öllum þroskaferli sínum við sögu landsmanna. En þótt hann hefði aldrei unnið sjer annað til lofs, en að ganga „Silungapollsbornunum“ í föður stað, fyrir hönd Oddfjelaga, um undanfarin ár, þá væri það eitt nóg til þess að minning hans geymdist.

Versta tegund svefnleysis lýsir sjer einmitt í því að geta ekki einu sinni sofið þegar maður á að fara á fætur á morgnana.

seinustu árum hafa margir sjer dir ektamakar tekið saman aftur vegna þess að þeir hafa lært að þekkja hver annan.

Ef til vill væri nú meiri ástæða til að halda að það væri einmitt þessvegna, sem þeir höfðu skilið.

Jóns og konu hans hefir áður verið getið í blöðum vorum og tímaritum. Margir kannast við góðgirni þessara hjóna, gjafmildi þeirra og hjálpfýsi. Jón Pálsson tekur sjer nærri óreiðu og ófugstreymi þjóðlifs vors, allt, sem miður fer. Og hann hefir sterka löngun til þess að bæta úr vöntun og vandræðum. Hefir hann unnið að margskonar umbótum og lagt þörfum nýjungum lið sitt.

Hann tók um tíma mjög virkan þátt í málum Góðtemplarareglunnar. Og enn á ný hefir hann sýnt góðvilja sinn í verki, umbótalöngun og stórhug, þegar hann og kona hans, frú Anna Sigríður Adólfssdóttir, gáfu 20000 krónur til drykkjumannahælis, fyrir skemstu.

Þjóðin öll ætti að vera þakklát, hverjum þeim þegni, sem er svo hamingjusamur að geta rjett henni hjálparhönd. Óskandi væri, að margir gætu fetað í fótspor þessara merku hjóna og gefið stórfje til þess að reisa uppeldisstofnanir. Yrði það títt, þyrftu nefndir vorar, sem

um margskonar vandræða börn eiga að sjá, — sjaldnar að standa ráðþrota gagnvart neyð og hörmung heimila og barna, vanrækslu, fátækt, óþrifnaði, óreiðu og kröm. Myndi þá betra verða uppeldi andlegt og líkamlegt, en það nú er. Vjer, sem þekkjum dálítið til þessara barna, unglínga og fullorðinna manna, höfum óskað og óskum enn, að til væru margskonar hæli, heimili eða verustaðir, handa olnbogabörnum þjóðarinnar, yngri og eldri, þar sem aðbúð væri ákjósanleg og verkefni nóg. En vandhittar eru óskastundir.

Oss vantar svo tilfínnanlega heimkynni fyrir afvegaleidda fólkið, börn, unglínga, vaxna menn og uppkomnar konur. Hverjir hafa mátt og vilja til þess að leggja fje eða gefa fje til uppeldisstofnana og umbóta-verustaða? Drenglyndir stórefnamenn.

Sveitarfjelögum, forystumönnunum kaupúna og stjórnumendur ríkis vors verður ofvaxið að koma upp öllum þeim umbótahælum, sem þjóðin nauðsynlega þarfnast nú þegar.

EKKI skal það lastað, að hugsa um málefnið og skrifa, það er sjálfsagt upphaf en framkvæmdir þurfa bráðlega að fylgja. Sá sem gefur, leggur fje á vöxtu.

Sjerhvert góðverk hefir umbunina í sjer fölgna.

Heill sje geföndum þeim, er nú hafa lagt af mörkum drjúgan skerf til fyrirhugaðs hælís.

Vonandi verður Alþingi fært að fullkomna það, sem hjer er hafið.

Hallgrímur Jónsson.

1895

27. mai 1939

ALÞÝÐUBLADID

GJÖF JÓNS PÁLSSONAR

Frh. af 1. síðu.

4. síða

foreldra þeirra hjóna, þá Pál hreppstjóra Jónsson bónda að Syðra-Seli og Margréti Gísla-dóttur og Adolf Kr. Adólfsson bónda að Stokkseyri og Ing-veldi Ásgrímsdóttur.

Enn fremur segir í bréfinu: Skilyrði fyrir gjöf þessari eru þau, sem hér segir:

1. Upphæð gjafarinnar, — kr. 20.000,00 — tuttugu þúsund krónum, skal verja til þess að reist verði svo fljótt sem auðið er, hæli fyrir drykkjumenn, sem að læknisráði og almenn-ingsáliti teljast þurfa lækninga

við gegn vínhneigð sinni og af-leiðingum hennar. — Hvenær hæli þetta verður reist og gjöf-in notuð í því skyni, felum við hæstv. ríkisstjórn og Alþingi að kveða á um eftir ástæðum, svo og það, hvar á landinu hæl-ið verður reist og rekið, þótt við hinsvegar vildum gjarnan óska þess, að það gæti orðið í Árnessýslu eða jafnvel í Stokks-eyrarhreppi.

2. Þar sem gera má ráð fyrir, að eigi verði unt að reisa hæli þetta innan neins ákveðins tíma eða jafnvel ekki á næstu árum, en hinsvegar er vitað, að fjárhæð þessi ber vexti nokkra til þess tíma að hælið verði reist og féð notað til þess, þá skal

mynda sérstakan sjóð af öllum þeim vöxtum, er hafa tilfallið af gjafafénu þangað til, og sé sjóður kendur við nöfn okkar beggja sem gefenda og stofnaður í minningu um áðurnefnda foreldra okkar beggja. Sjóður þessi skal heita „Drykkju-mannahælisjóður Jóns Pálsson-sonar og Önnu Sigríðar Adólfs-dóttur.“ Stofnfé sjóðs þessa má aldrei skerða, en þegar hann er orðinn að upphæð kr. 10.000,00 — tíu þúsund krónur, — má verja helmingi ársvaxta af hon-um á ári hverju eftir það, til þess að styrkja drykkjumenn til þess að komast í væntanlegt drykkjumannahæli, þar sem þeir gæti fengið lækningu við vínhneigðinni og afleiðingum hennar. Þegar sjóður þessi er orðinn að upphæð kr. 50.000,00 — fimtíu þúsund krónur — má verja allt að $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu hlutum — ársvaxta hans árlega í sama augnamiði.

3. Hvorki gjafafénu (kr. 20.000) né heldur væntanlegri fjárhæð „Drykkjumannahælis-sjóðsins“ ásamt vöxtum af hon-um (sbr. tölulið 2. hér að ofan) má verja til neins annars en þess, er tekið er fram í skjali þessu (m. a. undir tölulið 1. og 2.), né heldur breyta í einu né neinu frá þeim skilyrðum án samþykkis annarshvors okkar eða beggja, séum við þá á lífi, annað eða bæði.

Hæstv. stjórnarráði Íslands viljum við fela að gjöra skipu-lagsskrá á sínum tíma fyrir hinn væntanlega „Drykkjumanna-hælisjóð“, sem við gerum ráð fyrir að stofnaður verði af vöxt-um gjafafjárins, samkv. tölulið 2. hér að ofan og sé skipulags-skráin samín og gjörð í samræmi við það sem þar segir og ann-arsstaðar í skjali þessu. Sé ann-aðhvort okkar hjóna eða hvor-ugt á lífi, þá er til sjóðsstofn-unar þessarar kemur, skal ein-hver sá maður, er hæstv. stjórnarráð kveður til þess, und-irskrifa skipulagsskrána vegna þess okkar, sem þá kann að vera fallið frá eða okkar beggja ef bæði eru látin og skal skjal þetta þá álitast sem fullgilt og ótakmarkað umboð okkar til hans í þessu efni.

5. Komi til þess, vegna auk-innar menningar í landinu eða af öðrum ástæðum að ofan-greindur Drykkjumannahælis-sjóður álitist óþarfur, þann-að talið verði að hans sé eigi þörf lengur í sama augnamiði sem hér er gjört ráð fyrir, þá skal hann, samkvæmt nánari ráðstöfun þáverandi æðstu stjórnarvalda landsins, renna til slysavarna í landi eða á sjó, undir nafni okkar hjóna beggja.

6. Gjafaféð, nefndar kr. 20.000,00, svo og væntanlegir vextir af því, skulu ávalt vera geymt í vörslum stjórnarráðs Íslands og ávaxtað undir eftir-liti þess, enda sjái það svo um að allt það er tekið er fram í skjali þessu nái sem bezt og sem fyrst tilgangi sínum.

**Jón Pálsson gefur
20 þús. krónur til
drykkjumannahælis**

Jón Pálsson, fyrverandi að-
algjaldkeri Landsbank-
ans hefir afhent forsætisráð-
herra 20 þúsund króna gjöf,
sem renna skal til bygging-
ar drykkjumannahælis.

Þessi virðulega gjöf, er gefin til
minningar um foreldra Jóns Páls-
sonar og konu hans, Önnu Sig-
ri Adólfsdóttur. Þau Margrjetí
Gísladóttur og Pál Jónsson hrepp-
stjóra að Syðra-Seli og Ingvaldi
Ásgrímsdóttur og Adolf Kr. Ad-
ólsson bónda að Stokkseyri.

Í gjafabréfinu eru ýms á-
kvæði um hvernig sjóðnum skuli
varið t. d. segir svo í 1. grein:

Upphæð gjafarinnar — kr. 20-
000,00 — tuttugu þúsund krón-
um, skal verja til þess að reist
verði svo fljótt sem auðið er, hæli
fyrir drykkjumenn, sem að læk-
nisráði og almenningsáliti teljast
þurfa lækninga við gegn vín-
hneigð sinni og afleiðingum henn-
ar. — Hvenær hæli þetta verður
reist og gjöfin notuð í því skyni,

þum við hæstv. ríkisstjórn og
Alþingi að kveða á um eftir á-
stæðum, svo og það, hvar á land-
inu hælið verður reist og rekið,
þótt við hinsvegar vildum gjarnan
óska þess, að það gæti orðið í
Árnessýslu eða jafnvel í Stokks-
eyrarhreppi.

*Gett. 'En get ekki'
minna verið.*

*x Morgunblaðið
27. maí 1939*